

Sinn eldmóð skáldið anda vöktum sendir,
 Og ástigs skal þess merki borið fremst,
 Ef táp og vilji' að takmarkinu kemst,
 Þar tímans gáta' á ráðning sína bendir.
 Og skáldið glæðir, leysir lýðsins þrá;
 Það lýsir fólksins sorg og gleði' í óði,
 Og brot og iðrun stillir strengjum á,
 Í stuttu málí', oss skemtir það með ljóði.

Og vegna þess eg hug og hjarta sný
 Frá hindurvitnum þínunum, dauða Saga,
 Og tálardraumi síðar sælli daga,
 Og geng nú þaðan þokuheiminn í.
 Í greniskógin inn eg aleinn reika,
 Þótt óveðursins dynji skúrin römm,
 Í haustkveldsmyrkrið, sem ljær skýli skömm,
 Mér svefn sem fleirum eftir örðugleika.

En kvæðið er sem hæð klædd lyngi er hækkar
 Svo hægt og jafnt er dregur upp frá bæ,
 Og hana bakvið hvirfing jöklar stækkar
 Með hvítu toppa' og svalan fjallablæ.
 Eg hefi lágt minn ljóðsöng þenna stilt;
 En lági tónninn geymir djúpa hljóðið,
 Og skiljist efnið anda bragsins fylt
 Svo undirspilið skilst í þessu ljóði.

Kristinn Stefánsson.

